



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Seljaborg

2018 – 2019

Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.....	3
2 Um innra mat í leikskólum.....	4
2.1 Stutt greinargerð kjarnastjóra Gula kjarna um starfið á síðasta ári.....	4
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Bláa kjarna um starfið á síðasta ári.....	7
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Græna kjarna um starfið á síðasta ári.....	7
2.4 Sameiginleg verkefni Bláa og Græna kjarna	8
3 Ytra mat.....	10
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	11
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	14
7 Foreldrasamvinna.....	16
8 Samstarf leik- og grunnskóla	16
9 Skipulagsdagar.....	18
10 Fylgigögn	18
10.1 Matsgögn.....	18
10.1.1 Skráning á hópatíma	18
10.1.2 Skráning á vali barna	19
10.1.3 Skráning á lögum með táknum	19
10.1.4 Skráning á vinnu í Book creator	20
10.1.5 Skráning á námskeiðum og fræðslufundum starfsmanna	20
10.1.6 Yfirferð skráningu á einstaklingsþjálfun.....	21
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs).....	21
10.3 Skóladagatal.....	22

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós leikskólans:

Á Seljaborg er unnið í anda Hjallastefnunnar. Allir þættir kynjanámskrárinnar eru í forgrunni í öllu okkar starfi. Skólaárinu eru skipt upp í sex lotur og stendur hver lota yfir í fjórar vikur. Loturnar byggjast upp á þjálfun í einstaklings- og félagsfærni hvers barns. Helmingur lotanna þjálfar og styrkir eiginleika sem samfélagið tengir karlmennsku. Hinn helmingurinn þjálfar og styrkir eiginleika sem samfélagið tengir kvenleika. Á þessu skólaári var starfræktur Yngri kjarni þar sem kynin eru blönduð í hópum. Við vorum með einn kjarna með hreinum stráka hópum og einn kjarna þar sem voru tveir stelpuhópar og einn blandaður kynjahópur. Á þessu starfsári verður sama skipulag á hópum og á því síðasta.

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Áherslur í leikskólastarfinu hafa m.a. einkennst af læsi þar sem markvisst hefur verið lesið fyrir börnin hvort sem það hefur verið í hópatímum eða samverustundum. Einnig eru sagðar sögur og börnin búa til sínar sögur hvort sem það er í litlum hópum eða einstaklingssögur. Lýðræði hefur einnig skipað stóran sess í leikskólastarfinu. Börnin hafa fengið tækifæri til að hafa áhrif á starfið sem fram fer í leikskólanum á fundum. Á þessum fundum fá börnin tækifæri til að velja verkefni í hópatímum, vettvangsferðir sem fara á í og hafa áhrif á matseðilinn að einhverju leyti.

Kennarar hafa verið duglegir við að nýta sér tæknina og nota Book creator þar sem þeir safna gögnum um sérhvert barn. Foreldrar fá bækurnar síðan við lok skólagöngunnar, þetta kemur í stað „gömlu“ ferilmappanna og með þessu sparast gífurlegur pappír.

Ýmsir viðburðir hafa verið í leikskólanum þar sem foreldrum og öðrum aðstandendum er boðið að taka þátt. Má þar helst nefna aðventukaffi við upphaf aðventunnar, Heiðmerkurferð þar sem við förum með rútu í Heiðmörk og veljum okkur jólatré, opið hús í tilefni Dags leikskólans, útskrift elstu barnanna og sumarhátíð í tengslum við Þjóðhátíðardaginn.

Í vetur var foreldrasamvinnan aukin með því að vera með kaffidaga í tengslum við mæðra- og feðradaginn. Á næsta skólaári ætlum við að vera með viðburð fyrir foreldra í tengslum við Barnamenningarhátíð.

Aukin áhersla hefur verið í starfsþróun og höfum við nýtt starfsdagana vel til þess og fengið utanaðkomandi fræðslu fyrir alla kennara. Fengum m.a. skyndihjálparnámskeið frá Rauða krossinum, kynningu á Pecs og jafnréttisfræðslu. Einnig höfum við nýtt okkur fagaðila frá SFS og Þjónustumiðstöð Breiðholts sem hafa m.a. komið inn á deildastjóra- og kjarnafundi til að styrkja okkur í starfi t.d vegna vinnu við starfsáætlun og Book creator.

2 Um innra mat í leikskólum

2.1 Stutt greinargerð kjarnastjóra Gula kjarna um starfið á síðasta ári

Á Gula kjarna eru 14 yngstu börn Seljaborgar fædd árið 2014, 2015 og 2016. Á deildinni eru þrír hópstjórar. Eitt barn á kjarnanum nýtur stuðnings.

Dagskrá Gula kjarna skiptist upp í hópatíma fyrir hádegi og val tíma eftir hádegismat ásamt frjálsum leikjum. Skráning á hópatíma er í fataklefa þannig að foreldrar geti fylgst með hvað börnin þeirra eru að gera í hópatímum og er einnig sent í tölvupósti einu sinni í viku. Valtími er skipulagður tími þar sem börnin velja sér á þau svæði sem í boði eru. Farið er yfir talningu á val tíma einu sinni í mánuði og upplýsingar sendar foreldrum einu sinni í mánuði, svo þeir geti fylgst með áhugasviði barnsins síns.

Hópatímar eru skipulagðir miðað við aldur, þroska og getu barnanna. Kennslan tekur mið af grunnþáttum Aðalnámskrár leikskóla og lotum kynjanámskrár Hjallastefnunnar: Agi, sjálfstyrking, samskipti, jákvæðni, vinátta og áræðni. Einnig er gerð einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn.

Námsgögn sem notuð eru á deildinni eflir sköpun, ímyndun og sjálfbærni barnsins. Í stað hefðbundinna leikfanga notum við kubba af ýmsum gerðum (trékubba, Duplo, Lego, segulkubba, smellukubba o.fl.). Við notum leir, bækur, púða og einnig fjölbreyttan verðlausan efnivið (tauefni, plastumbúðir, keðjur, lykla, tappa o.fl.).

Könnunarleikurinn er notaður á Gula kjarna. Markmið hans er að börnin fái að starfa af eigin hvötum og fái útrás fyrir meðfædda forvitni. Börnin skoða hlutina á opinn hátt og læra að vinna með þá. Til dæmis að setja litla hluti ofan í plastbrúsa, stafla upp hlutum og finna jafnvægi þeirra o.s.frv. Hlutverk kennarans er að fylgjast með leiknum sem börnin stjórna sjálf.

Mikil áhersla er lögð á málörvun: Lestur bóka, læra söngtexta, fara í rímleiki, efla orðaforða með því að nota bækur, dýr, tákn o.fl. Spjaldtölvur eru notaðar til þess að læra stafi og hljóð. Börnin fá tækifæri til að læra hljóðin og hvað stafirnir segja, teikna stafina og leika sér með hljóðin.

Innra mat Gula kjarna

Á síðasta starfsári var Guli kjarni að efla málþroska barnanna með því að auka orðaforða þeirra. Eftirtalin verkefni voru í tengslum við læsi:

- ✓ Dýr vikunnar: Læra að þekkja hinar ýmsu dýrategundir (nafn, útlit, venjur, upprunaland o.fl.). Byrjað á dýrum í nánasta umhverfi og síðan farið í erlend dýr.

Styrkleikar: Læra hljóðin sem dýrin gefa frá sér, læra ný orð eins og litarheiti, líkamshluta, umhverfi og afkvæmi dýranna. Auk þess að læra tákn dýranna á Tákn með tali.

Veikleikar: Viðfangsefnið er stundum of erfitt.

✓ Bók vikunnar: Ein bók valin til að lesa á hverjum degi í viku.

Styrkleikar: Efla hlustun, börnin læra ný orð, æfing í að halda athygli og einbeita sér, þjálf þolinmæði og umburðarlyndi. Börnin þjálfast í að svara spurningum í tengslum við söguna sem lesin var.

Veikleikar: Sögur stundum of langar og of flókin orð í henni.

✓ Tákn vikunnar: Börnin læra að nota Tákn með tali yfir algengustu orðin á leikskólanum.

Styrkleikar : Læra ný orð og börnin verða meðvituð um að það séu til aðrar samskiptaleiðir en talað mál. Einnig eykur þetta möguleikana á tjáningu þeirra barna sem ekki ná að gera sig skiljanleg með tali.

Veikleikar: Sum börn eiga erfitt með að læra táknin séu þau ekki notuð daglega.

✓ Árstíðagrein: Trjágrein sem skreytt er eftir árstíðum. Á haustin eru þurrkuð laufblöð sem börnin tína í gönguferðum sínum. Á veturna búa börnin til snjókorn og setja á jólasveinahúfur. Á vorin búa börnin til blóm og á sumrin eru sett græn laufblöð og sól.

Styrkleikar: Breytileiki árstíðanna er sýnilegur börnum. Börnin taka þátt í að skapa.

Veikleikar: Greinin er hátt uppi og börnin taka ekki alltaf eftir henni. Einnig þyrfti að tala oftar um árstíðirnar.

Umbótaáætlun fyrir Gula kjarna

Tímaáætlun: Skólaárið, endurmat framkvæmt eftir vetrarönn og vorönn.

Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri og hópstjórar

<u>Umbóta-þættir</u>	<u>Markmið með umbótum</u>	<u>Aðgerðir til umbóta</u>	<u>Endurmat; hvenær og hvernig</u>	<u>Viðmið um árangur</u>
Vinna með dýr og bók vikunnar í hópatímanum	<i>Tengja hópatíma tvisvar í viku við dýr og bók vikunnar.</i>	<i>Undirbúa hópatíma sem tengjast sögunni eða dýri vikunnar a.m.k. tvisvar í viku. Litablöð með dýri vikunnar í möppu, útikennsla (leita að hundi, kisu, fugli o.s.frv.). Finna myndbönd á netinu, leikir tengdir við dýr eða sögu.</i>	<i>Safna kennslugögnum og myndum eftir börnin – búa til dýrabækur. Skráningarblað fyrir hópatíma. Kort- merkja inn erlend dýr sem búið var að fjalla um. Skráning í Book creator. Fara yfir í lok desember og maí.</i>	<i>Börnin þekkja a.m.k. 10 dýraheiti, kunna að lýsa því og geta aðgreint íslensku dýrin frá þeim erlendu.</i>
Nota tákn oftár yfir daginn.	Börnin kunni fleiri tákn úr Tákn með tali.	Velja tákn úr nánasta umhverfi barnanna eða úr lögum sem eru sungin.	Syngja lög með táknum. Sýna tákn og spyrja börnin hvort þau þekki táknin. Athuga í lok desember og maí.	Börnin kunna a.m.k. 5 lög með táknum.
Börn hafa áhrif á val	Börnin taka þátt í að velja hvaða dýr þau vilja læra um, hvaða tákn þau vilja læra og hvaða bók þau vilja lesa.	Gefa þeim kost á að velja á milli tveggja valkosta (tvær bækur, tvö dýr og tvö tákn) eða spyrja í hópatímanum og kjósa (elstu börn).	Skráning fyrir dýr, bók, tákn og val barnanna með dagsetningu. Taka myndbönd af valfundi þegar þau velja. Skráning í Book creator. Fara yfir í desember og maí.	Börn velja dýrin og bækurnar sjálf, koma sjálf með hugmyndir og óskir.
Hvetja foreldra til þátttöku (t.d. spyrja heima fyrir um dýr, bók og tákn)	Börn og foreldrar tali saman um dýr, tákn og bók vikunnar heima.	Senda vikulega frétt með upplýsingum um dýr, bók og tákn vikunnar.	Safna gögnum sem koma að heiman í möppu barnanna. Fara yfir í foreldra viðtölum í nóvember og mars.	Að fá sem flesta foreldra til samstarfs
Læra um árstíðir	Börnin læri árstíðarheitin.	Fjallað er um árstíðir í samveru og hópatímanum a.m.k. einu sinni í mánuði. Tengja árstíðir við hátíðisdaga, veður, hvernig á að klæða sig o.s.frv., búa til árstíðar tengdar myndir.	Möppur barnanna með myndunum þeirra, skráning í Book creator, skráning á hópatíma. Fara yfir vinnuna eftir hvern ársfjórðung.	Börnin segja frá hvað árstíðirnar heita, hvernig á að klæða sig úti eftir þeim og hvernig veður er í hverri árstíð.

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Bláa kjarna um starfið á síðasta ári

Á Bláa kjarna eru 22 strákar fæddir árin 2012 og 2013. Á deildinni eru þrír hópstjórar og þrír hópar.

Á þessu skólaári hefur verið gott foreldrasamstarf, við höfum haft opið hús hjá okkur og hafa foreldrar komið og skoðað starfið hjá okkur. Við vorum bæði með mæðra- og feðrakaffi og höfum við fengið heimsókn frá fjölskyldumeðlimum í kaffi og kökur.

Elstu börnin hafa farið á ýmsar sýningar þetta skólaár t.d. í Þjóðleikhúsinu, Borgaleikhúsinu og Hörpu. Þau fóru svo á Hvalasafnið í haust og lærðu um sjávardýrin. Við fórum á Árbæjarsafnið fyrir jólin og lærðum um gömlu jólasveinana sem vakti mikla lukku meðal barnanna. Skólahóparnir fara einu sinni í mánuði með kennara yfir leikskólann og athuga hvort allar útgönguleiðir séu greiðar og skoða slökkviliðstæki og neyðarljós, svo er þetta skráð hjá okkur.

Skólahópurinn fór í útskriftarferð að Bjarneyjarsand í Hvalfirði í maí þar sem þau gistu eina nótt ásamt kennurum. Það var farið í fjárhúsið og fengu börnin að sjá lömb fæðast sem þeim þótti ótrúlegt að upplifa. Við fórum í fjöruferð, leiki, göngu, pizzakvöld og enduðum á kvöldvöku. Ferðin hefur alltaf vakið mikla lukku hjá börnum, kennurum og foreldrum.

Skólahópurinn endaði svo skólaárið með stæl og bauð foreldrum í útskrift sína sem var haldin í Seljakirkju. Þar var haldið Pálínuboð og gestir fengu að hlusta á stórkostlegan söng barnanna. Þeim var svo afent útskriftarskírteini og rós í boði foreldrafélagsins.

Yngri hóparnir fóru á bókasafnið í Gerðubergi að hlusta á jólasögur og fengu piparkökur. Einnig hafa Yngri hóparnir mikið verið í útiveru og að læra á sitt nánasta umhverfi.

Við á kjarnanum höfum fengið allskonar utanaðkomandi heimsóknir. Til dæmis kemur Slökkviliðið til okkar og Umferðarskólinn á hverju ári. Sögubíllinn kemur líka árlega og finnst börnunum það mjög spennandi.

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Græna kjarna um starfið á síðasta ári

Á Græna kjarna eru 22 börn fædd árið 2012, 2013 og 2014. Á deildinni eru þrír hópar, þrír hópstjórar og einn stuðningsaðili. Eitt barn á kjarnanum nýtur stuðnings.

Í vetur höfum við verið að búa til eina sögu í hverjum mánuði. Kennarinn byrjar á fyrstu setningu og börnin halda svo áfram og bæta við fleiri persónum og það sem þeim dettur í hug. Sagan er svo prentuð út og hengd upp í leikstofu og eins í fataklefa fyrir foreldra.

Einnig höfum við föndrað mikið með börnunum og notuð eru óhefðbundin skriffæri og tól. Einn hópur bjó til vatnsblöðru listaverk þar sem vatnsblöðrur voru notaðar í stað pensils. Börnin fengu tveggja metra langt blað á gólfið, málningu og blöðrur sem fylltar voru með vatni. Þau notuðu svo blöðrurnar til að mála blaðið með sumarlegum litum. Annar hópur hefur búið til líkamsmynd í raunstærð. Kennari teiknaði líkamslínunar á meðan börnin lágu á blöðunum og svo klipptu þau sjálf út myndina og máluðu andlit, hár, fötin, neglur o.s.frv. Þriðji hópurinn gerði sumarmynd og notuðu börnin úrklippur úr ýmsum efnum (pappír, tau, plast o.fl.). Börnin límdu síðan á stórt karton og sögðu frá hvað væri á myndinni.

Þetta skólaár hafa hóparnir farið í ýmsar ferðir eins og á bókasafnið í Gerðubergi, Árbæjarsafnið og Hvalasafnið. Börnin fóru einnig á nokkrar sýningar í Þjóðleikhúsinu, Borgaleikhúsinu og Hörpu.

Við fengum heimsókn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Umferðaskólanum og nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla komu og lásu fyrir okkur nokkrar sögur í tilefni Dags íslenskrar tungu. Einnig kemur Sögubíllinn árlega til okkar í heimsókn þar sem Sóla sögukona kemur og segir börnunum skemmtilegar sögur í bílnum sínum.

Skólahópur fór í útskriftarferð að Bjarteyjarsandi í Hvalfirði í maí og í júní var útskrift elstu barnanna haldin í Seljakirkju með Pálínuboði og fengu börnin útskriftarskírteini og rós í boði foreldrafélagsins.

2.4 Sameiginleg verkefni Bláa og Græna kjarna

Tímalína – Á síðasta skólaári var gerð áætlun þar sem hægt er að finna vikulegt skipulag. Búið er að skipuleggja hvaða stafi á að kenna og í hvaða röð, hvaða orð á að vinna með, hvaða tákn á að vinna með úr Tákn með tali og hvaða lag á að leggja áherslu á í hverri viku fyrir sig. Þar er líka að finna plan yfir hvaða þula, vísa eða ljóð skuli lesin og lærd í vikunni. Einnig er plan yfir hvaða leikir eru kynntir fyrir börnunum.

Veðurfræðingur – Á hverjum morgni fara börnin í morgunsamveru og í þeim samverum er valinn veðurfræðingur. Hans hlutverk er að skoða veðrið og segja frá því. Veðurfræðingurinn teiknar upp veðrið og lýsir því og hvernig best er að klæða sig.

Leiðtogi – Vikulega er eitt barn úr hverjum hópi valið og er hann leiðtogi hópsins, hans hlutverk er að aðstoða kennara, t.d. við að leggja á borð fyrir matartíma, hjálpa til í fataklefa og jafnvel aðstoða yngri börn við ýmis verkefni. Þetta kennir þeim ábyrgð og umhyggju.

Bókaormur - Eftir áramótin byrjuðum við aftur á að velja bókaorm og felst það í því að barn fær spjald með sér heim, sem stendur fyrir Bókaorm. Barnið velur sér eina bók að heiman til að koma með í leikskólann daginn eftir. Barnið hefur lesið bókina með foreldrum sínum og þekkir hana. Í

samveru segir barnið svo frá bókinni með aðstoð kennara, sem síðan les bókina fyrir börnin á kjarnanum.

Skólaheimsóknir - Skólahópurinn hefur farið einu sinni í viku í Ölduselsskóla að vinna skólaverkefni og leika í frímínútum, einnig höfum við fengið að koma í Vínahéima sem er frístundaheimili við Ölduselsskóla og leikið okkur þar. Þetta gerum við til að börnin verði betur undirbúin fyrir grunnskólagöngu sína.

ÍR húsið - Skólahópur hefur farið nokkrum sinnum í ÍR húsið í vetur og fengið afnot af íþróttasal og börnin fengið útrás fyrir hreyfingu.

Innra mat Bláa- og Græna kjarna

Umbótaþættir á Bláa- og Græna kjarna	Að hverju er stefnt?
Skráning (Book creator)	Að það verði gerðar að minnsta kosti tvær blaðsíður á barn í hverjum mánuði í Book creator appið. Svo starfsmenn nái þessum markmiðum verða kennarar að fara í undirbúning. Deilastjóri ber ábyrgð á að kennarar klári sínar bækur. Tímaáætlun er frá ágúst – desember og verður þá endurskoðað. Ef markmið næst ekki verður skoðað hvað þarf að bæta og aðrar lausnir fundnar.
Tímalína (vísur)	Að hafa styttri vísur í Tímalínunni og hafa þær við hæfi barnanna. Við getum t.d. haft stuttar vísur og málshætti svo auðvelt verði fyrir börnin að læra þau. Árangri er náð þegar þau kunna a.m.k. 5 vísur / málshætti. Allir beri ábyrgð. Tímaáætlun er frá ágúst – desember.
Tímalína (Tákn með tali)	Auka Tákn með tali í daglegum athöfnum. Kennarar afli sér fræðslu í undirbúningi. Hafa táknin sýnileg á veggjum í leikskólanum. Árangri er náð þegar þau kunna a.m.k 5 lög með táknum. Allir starfsmenn bera ábyrgð á því að þessu sé framfylgt. Tímaáætlun er frá ágúst – desember.
Lestur við hæfi	Hópum aldursskipt og hafa þroskamiðaða samverur. Reyna að finna þeirra áhugasvið með lestri. Allir starfsmenn bera ábyrgð á að finna bækur við hæfi. Tímaáætlun er frá ágúst – desember.

3 Ytra mat

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS) gerði viðhorfskönnun á meðal starfsmanna Seljaborgar í ársbyrjun 2018. Könnunin er spurningalista aðferð sem allir starfsmenn leikskólans fá boð um að taka þátt í. Öllum starfsmönnum var gefinn tími til þess að svara spurningunum í könnuninni, sem er rafræn. Markmiðið með þessari könnun er að fá sýn starfsmanna á starfi leikskólans. Könnunin er nauðsynlegt tæki fyrir stjórnendur til að geta ígrundað og bætt starfið. Til þess að sjá það sem betur mætti fara, en einnig til þess að vita hvað vel er gert.

Helstu niðurstöður þessarar könnunar voru að miðað við árið 2017 hækkaði starfsöryggi, starfsánægja og starfsandi, jafnrétti og jafnræði töluvert, ásamt viðurkenningu. Það finnst okkur mjög gott. Flestir þættir komu reyndar vel út hjá okkur þó einhverjar undantekningar séu á því. Vinnuáðstaða og móttaka nýliða lækkaði nokkuð á milli ára en helst þó á grænu svæði sem verður að teljast ágætt. Áhættu þættir okkar eru hæfilegt vinnuálag sem mælist svipað og árið áður. Starfsmannastöðugleiki lækkar talsvert og lendir á hættusvæði og fræðsla og þjálfun lækkar umtalsvert og fer inn á hættusvæðið.

Okkur þótti ánægjulegt að sjá að áreitni frá samstarfsfólki, sem mældist 23,1% í fyrra, mældist 0% í ár. Áreitni frá þjónustugegum mældist 7% í fyrra en lækkaði niður í 0%. Fordómar virðast því miður eiga sér enn stað hjá okkur en hefur lækkað úr 25% niður í 9%.

Útkoma starfsmannastöðugleikans má útskýra með því að haustið 2017 fékk Seljaborg nýjan leikskólastjóra tímabundið, þegar fyrrum leikskólastjóri færði sig um starfstöð. Í framhaldinu var farið í vinnu vegna fyrirhugaðar sameiningar við Seljakot. Á þeim tíma sögðu tveir starfsmenn upp störfum og erfiðlega gekk að ráða nýja í þeirra stað. Mikið var um veikindi og undirmönnun á Seljaborg starfsárið 2017-2018. Nokkur stöðugleiki hefur myndast síðustu mánuði starfsársins, sem við vonum að haldist áfram.

Umbótaþættir	Að hverju er stefnt?
Fræðsla og þjálfun	Að auka fræðslu og þjálfun á vettvangi fyrir starfsmenn. Við stefnum á að fá fræðslu og þjálfun á starfsstöðina á starfsdögum og einnig að benda starfsmönnum á ýmis námskeið í endurmenntun og starfsþróun og upplýsa starfsfólk hvar það geti skoðað námskeið sem í boði eru. Árangur næst ef að allir starfsmenn fá fræðslu á starfsdögum og að minnsta kosti helmingur þeirra sækir námskeið þess fyrir utan. Skráning verður á því hvaða starfsmenn sækja námskeið til þess að sjá hvaða starfsmenn eru að missa af nauðsynlegri þjálfun.
Hvatning til eflingar í starfi	Stefnt er að því að hvetja starfsfólk til þess að sækja fagnámskeið á borð við Fagnámskeið I og II fyrir starfsfólk í Eflingu og réttindanámskeið af ýmsum toga fyrir þá sem það er í boði fyrir.

Endurskoðun Starfsmanna handbókar	Það er komið að endurskoðun á Starfsmanna handbókinni. Handbókin sem er í gildi er þykk og torlesin. Við þurfum að breyta henni og bæta þannig að hún verði aðgengileg fyrir starfsfólk og auðvelt að grípa í sér til glöggvunar. Stefnt er að því að handbókin verði tilbúin vorið 2019. Ábyrgðaraðilar eru leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri.
Skipulag á kjarnafundum	Kjarnafundir eru skipulagðir einu sinni í mánuði. Þeir detta oft út vegna breyttra aðstæðna. Á starfsárinu 2018-2019 ætlum við að passa betur upp á þennan dýrmæta tíma. Ábyrgðaraðilar eru kjarnastjórar sem skipuleggja sín á milli tímann sem kjarnarnir eiga fyrir fundi. Árangur næst ef að 75% af fundunum verða.

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Stuðningsbörn á Seljaborg voru tvö þennan veturinn. Einn starfsmaður er stuðningur inni á Græna kjarna. Ekki náðist að ráða starfsmann í annað stöðugildið, en deildarstjóri á Gula kjarna ásamt sérkennslustjóra hafa unnið sameiginlega að því að veita stuðning.

Málörvun er sinnt inn á deildum og í hópatímum eins og aðstæður leyfa. Málörvunin er í höndum hópstjóra sem hafa greiðan aðgang að sérkennslustjóra sem hefur ábyrgð á því að málörvunin fari fram. Mikið efni, bæði nýtt og gamalt er til í leikskólanum sem sérkennslustjóri hefur verið að draga fram og kynna m.a. á starfsdögum auk fræðsluerinda á starfsdögum til að minna starfsfólk á mikilvægi málörvunnar.

Öll börn á Seljaborg eru með einstaklingsnámskrár sem eru í höndum hópstjóra. Þau börn sem njóta stuðnings hjá okkur fá ítarlegri einstaklingsnámskrá sem sérkennslustjóri gerir í samvinnu við stuðningsaðila, hópstjóra og kjarnastjóra. Markmið eru unnin út frá AEPS listanum sem er færnimiðað matstæki. Listinn er unnin reglulega og ný markmið fundin sem unnið er markvisst með. Stuðningsaðili og hópstjóri fara eftir þessari einstaklingsnámskrá bæði í hópastarfi og einstaklingsþjálfun.

Teymisfundir með stuðningsbörnum eru reglulegir, þeir eru skipulagðir með u.þ.b. 6 vikna millibili. Þar hittast sérkennslustjóri, stuðningsaðili, sérkennsluráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Breiðholts auk foreldra. Á fundunum er farið yfir stöðu mála, hvernig gengur með markmið einstaklingsnámskráarinnar og hvernig foreldrum finnst ganga heima. Sérkennsluráðgjafinn leiðbeinir með aðferðir í vinnu með börnunum í átt að markmiðum.

Þegar grunur leikur á fráviki í þroska barns fer ferli af stað, kjarnastjóri ásamt hópstjóra skoðar málið ítarlega og fyllir út beiðni til sérkennslustjóra sem ákveður næstu skref. Foreldrar eru fengnir á fund

þar sem áhyggjum er lýst og í framhaldi af því eru verkferlar Þjónustumiðstöðvar Breiðholts virkjaðir og málið fer í ákveðinn farveg.

Sérkennslustjóri er í góðu samstarfi við teymi Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Bæði hvað varðar ráðgjöf og eftirfylgni mála. Samráðsfundir eru tvisvar fyrir áramót og þrisvar eftir áramót þar sem ný mál eru rædd og þeim komið í ferli, hvort sem unnið er í leikskólanum eða þörf þyki á utanað komandi aðstoð frá Þjónustumiðstöðinni. Gott samstarf hefur einnig verið við þjálfara á Æfingastöðinni sem hafa veitt ráðgjöf og lagt línur með vinnu á leikskólanum.

Sérkennslustjóri fundar reglulega með öðrum sérkennslustjórum í Breiðholti. Þar er fræðsla, farið yfir verkferla, kynningar á starfi sérkennslustjóra og erindi frá utanað komandi aðilum. Samstarfið er gott, þar sem sérkennslustjórar eru duglegir við að deila því sem þeir uppgötva í starfi og benda á ýmis ný efni sem gagnast gæti fleirum í kennslu.

Sérkennslustjóri situr kjarnastjórafundum sem haldnir eru vikulega. Þar eru línur lagðar fyrir komandi viku hvað varðar fundi vegna barna, starfsmannahald, fjarveru barna, ferðalög barnahópa og fleira. Einnig er farið reglulega yfir vankanta í starfi og reynt að komast að niðurstöðu um hvernig hægt er að leysa þau mál.

Sérkennslustjóri er duglegur við að sækja fræðslu sem í boði er, bæði það sem er í boði hjá Skóla- og frístundasviði og það sem boðið er upp á hjá Endurmenntun eða öðrum slíkum stofnunum. Hann veitir starfsfólki ráðgjöf og er þeim innan handar þegar ný vinna hefst.

Umbótaþættir í sérkennslu	Að hverju er stefnt?
Skráning á einstaklingsþjálfun	Markmiðið er að auka skráningu og gera hana markvissari með því að finna leiðir sem henta sem flestum. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á verkefninu, fer mánaðarlega yfir skráningu og gefur starfsmönnum endurgjöf á vinnuna. Áætlað er að taka allt starfsárið í þessa vinnu og telst henni lokið þegar sátt hefur náðst um verklag.
Ferli ef grunur vaknar um frávík hjá barni	Ef grunur vaknar um frávík hjá barni, eiga kennarar deildarinnar að skoða málið til hlítar. Þegar það hefur verið skoðað er beiðni gerð til sérkennslustjóra sem fer yfir málið. Ferlið er til en ekki hefur verið farið nógu vel eftir því. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á því að þessu sé framfylgt og hann safnar þeim beiðnum sem hann fær og nýtir það í gagnaöflun á endurmati. Endurmat á ferlinu verður í maí 2019. Þá verður farið yfir hvernig gekk að fara eftir ferlinu. Hæfilegur árangur er að öll ný mál sem upp koma fari í þetta ákveðna ferli.

**Verkferlar vegna
sérfræðipjónustu verði gerðir
skýrir og aðgengilegir fyrir
starfsmönnum**

Markmið með því að gera verkferla skýra fyrir starfsmönnum er hluti af því að grunur um frávik hjá barni fari í eðlilegt ferli. Verkferlar verða aðgengilegir og sýnilegir starfsmönnum á kennarastofunni, þar sem kennarar taka undirbúning sinn. Einnig verða verkferlar settir inn á heimasíðu leikskólans, svo foreldrar geti nálgast ferlið. Áætluð verklok eru áramótin 2018-2019. Árangur næst þegar verkferlar hafa verið gerðir sýnilegir og aðgengilegir fyrir starfsmenn og foreldra.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Á Seljaborg eru rétt tæplega 35% barna með annað móðurmál en íslensku. Málörvun er í höndum hópstjóra en hún er á ábyrgð sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri hefur verið með fræðslu fyrir starfsmenn um málörvun og hafa starfsmenn greiðan aðgang að honum til þess að fá ráðgjöf um efni og leiðir í málörvun. Seljaborg fær aukið fjármagn vegna fjölda erlendra barna sem nýtt er sem aukið stöðuhlutfall á deildum, þeim til stuðnings. Auk þess sem keypt hefur verið námsgögn sem henta vel í málörvun.

Í fataklefum hanga myndir af fánum landa barnanna. Fyrir neðan fánann stendur „Góðan daginn“ á viðkomandi tungumáli.

Kennarar á Seljaborg nýta öll tækifæri til þess að tala við börnin og koma þannig inn málörvun. Málörvun fer fram í hópatímum með öllum hópnum, þar sem leggja þarf áherslu á að mæta hverju barni þar sem það er statt. Mikið er lagt upp úr því að hvert barn fái rödd í leikskólanum. Það er unnið með tjáningu og frásögn með því að þau segi sögur, komi fram fyrir hópinn og segi frá meðal annara þátta. Á hverjum degi er morgunsamvera. Í henni er einn veðurfræðingur sem segir hinum hvernig veðrið er og hvernig á að klæða sig þegar haldið er út í leik. Auk þess teiknar veðurfræðingurinn veðrið í smáforrit í ípad. Farið er í ýmis veðurfræðileg orð og kennarar reyna að koma inn með ný orð yfir sama hlutinn, t.d. finna fleiri orð yfir vind. Veðurfræðingurinn gengur síðan hringinn og heilsar hverju og einu barni með nafni og kveðju. Sá sem situr heilsar til baka og gefur veðurfræðingnum hrós. Til þess að fá fjölbreytni í hrósin má helst ekki segja sama hrósið oftar en tvisvar.

Skólaárinu er skipt upp í sex lotur þar sem lagðar eru áherslur á mismunandi þætti. Í hverri lotu er unnið með nokkra undirþætti þar sem unnið er með orð því tengdu og þau þjálfuð í því sem orðin þýða, t.a.m. hugrekki, vinsemd og jákvæðni. Einnig er unnið með ákveðin orð sem eru í skipulagi sem kallast *Tímalína*. Orðin í þessu skipulagi eru endurskoðuð eftir hvert starfsár, hvort einhver orð eigi frekar heima í skipulaginu og hvort einhver orð henti verr í skipulagið. Í Tímalínunni erum við með

hljóð vikunnar (staf) og þá finna börnin með kennurum orð sem byrja á því tiltekna hljóði. Orðin eru skráð og hanga uppi alla vikuna og reynt er að koma þeim orðum fyrir í starfinu eins oft og kostur er.

Ekki hefur verið unnið markvisst að því að meta framfarir barna með annað móðurmál en íslensku. Því ætlum við að breyta og til þess ætlum við að nota málþroskaprófið Orðaskil. Við eigum styttri útgáfu sem ætlað er öðrum fagaðilum en talmeinafræðingum til skimunar á börnum. Listinn er ætlaður 18-36 mánaða börnum og skiptist í orðaforða og setningagerð. Orðaforðinn er mældur þannig að hakað er við hvert orð sem barnið kann. Því er hægt að nota listann til að miða barnið við sjálft sig, en ekki endilega við sama kyn á sama aldri.

Þegar barn með annað móðurmál en íslensku byrjar á Seljaborg koma foreldrar í viðtal við stjórnendur, það sama á við um þau börn sem hafa íslensku að móðurmáli. Þar er farið yfir mikilvægar upplýsingar og það helsta í starfinu kynnt. Túlkur er fenginn á fundinn ef þörf er á, til þess að upplýsingar fari ekki forgörðum. Aðlögun allra barna er með sama móti hvort sem þau hafa íslensku eða eitthvað annað tungumál að móðurmáli. Fyrsta daginn koma þau í klukkutíma heimsókn, annan daginn koma þau í morgunmat og eru fram að hádegismat og þriðja daginn eru þau í hádegismat líka. Fyrir fjórða daginn er staðan tekin á aðlöguninni og barnið kemur þá jafnvel heilan dag. Ef foreldrar og kennarar telja að barnið þurfi lengri aðlögun er það ákveðið í sameiningu, við metum stöðuna eftir hvern dag og ákveðum næsta skref.

Vinna í þessum málaflokki, barna með annað móðurmál en íslensku er í þróun hjá okkur og okkur langar að gera betur en þegar er gert. Því ætlum við að leita til Miðju máls og læsis strax í haust og finna með þeim fræðslu fyrir starfsfólk á starfsdegi, sem og önnur erindi.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram í apríl ár hvert. Leikskólastjóri sér um að boða starfsmenn í viðtal og ákveður tímasetningu. Starfsmenn fá blöð með spurningum sem farið verður yfir í viðtalinu og fá þeir þessi blöð afhent tímanlega svo þeir geti komið vel undibúnir í viðtalið. Viðtölin fara fram eftir hádegi þegar flest börnin eru í útiveru.

Einn starfsmaður er í mastersnámi í Menntunarfræði leikskóla M.ed og stefnir á að klára það í október 2018. Einn starfsmaður er í námi í kennslu fyrir börn með sérþarfir frá háskóla í Póllandi. Einn starfsmaður sótti námskeið í Virku námi.

Starfsdagar árið 2018 voru notaðir að miklu leyti í fræðslu fyrir starfsmenn.

Námskeið og fræðsla sem starfsmenn hafa tekið þátt í eða sótt á starfsárinu 2017-2018

September	Einn starfsmaður sótti réttindanámskeið í notkun Málhlóðamælisins.
	Tveir starfsmenn sóttu réttindanámskeið í notkun Efi-2 Málproskaskimun.
	Einn starfsmaður sótti stjórnendanámskeið í sambandi við heimasíðukerfið Karellen.
Nóvember	Allir starfsmenn fóru á Breiðholtsbylgjuna þar sem Eyþór Eðvaldsson sálfræðingur hélt erindi um leiðir til að bæta samskipti.
Febrúar	Allir starfsmenn fengu fræðslu frá sérkennsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar Breiðholts í notkun samskiptakerfisins PECS (Picture Exchange Communication System).
	Einn starfsmaður sat fyrirlestur og vinnu í sambandi við nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar.
	Einn starfsmaður sótti ráðstefnu sem haldin var í tilefni af Leikskóladeginum 8. febrúar 2018.
Apríl	Fjórir starfsmenn fóru á námskeið í innra mati á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.
	Einn starfsmaður sat fyrirlestur sem Elín Þórhildardóttir hélt á vegum Miðju máls og læsis. Fyrirlesturinn bar heitið „Að læra annað mál“.
	Allir starfsmenn sóttu skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða kross Íslands.
Maí	Allir starfsmenn voru á fræðsluerindi sem Mannréttindastýra Reykjavíkur hélt um jafningjafræðslu.
	Einn starfsmaður sótti vinnusmiðjuna Listin að skapa námstækifæri, sem var hluti af Alþjóðlegu ráðstefnunni Early Language Learning Conference 2018.
Júní	Vinnusmiðjan var um leiðir til að styðja við íslensku sem annað tungumál og vinna á skapandi hátt með fjölbreytt tungumál.

Auk þessa sóttu stjórnendur ýmis námskeið á vegum Fræðslutorgs Reykjavíkurborgar sem meðal annars snúa að stjórnun og rekstri leikskóla.

Á þessu starfsári ætlum við að hafa fleiri fræðslur á starfsdögum. Við stefnum að því að hafa fræðslu á öllum starfsdögum. Við ætlum að fá til okkar kynningar og fræðsluerindi á leikskólann alla starfsdagana, nema þá sem skipulagðir eru sameiginlega í Breiðholti. Stjórnendur ætla að vera duglegir við að benda starfsfólki á hvar það getur sótt upplýsingar um fræðslu og að dreifa upplýsingum sem berast með tölvupósti til leikskólans. Í upphafi skólaárs verða starfsmenn beðnir um að benda á fræðslu sem tengist starfinu sem þeir vilja fá og ætlum við að reyna að verða við því.

7 Foreldrasamvinna

Foreldrafélag Seljaborgar er virkt, í stjórn þess sitja fimm foreldrar sem kjörnir eru til árs setu. Stjórnin sér um að innheimta félagsgjöld að hausti og vori. Þegar Seljaborg er að fara í lengri ferðir á borð við útskriftarferð skólahóps og Heiðmerkurferð, hefur foreldrafélagið borgað rútuferðina. Foreldrafélagið í samvinnu við leikskólann skipuleggur ferðina sem farin er í Heiðmörk í desember þar sem jólatré er valið og börn, kennarar og foreldrar setjast niður og fá sér heitt kakó og piparkökur. Einnig tekur foreldrafélagið þátt í að skipuleggja sumarhátíðina í tengslum við Þjóðhátíðardaginn. Foreldrafélagið greiðir fyrir rútuferð í Heiðmörk og útskriftarferð elstu barnanna. Einnig fyrir jólasvein, leiksýningu, útskriftarsteina og rósir handa útskriftarbörnum. Foreldrafélagið hefur verið mjög viljugt að greiða fyrir ýmislegt sem okkur vanhagar um t.d myndavélar, hátalara, ýmislegt varðandi sumarhátíðina og margt fleira.

Í foreldraráði eru þrír fulltrúar kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins. Þeir fundir eru boðaðir af foreldraráði og leikskólastjóra. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti, í september og á sama tíma er kynningarfundur fyrir foreldra á starfi vetrarins þar sem deildarstjórar fara yfir helstu viðburði vetrarins og helstu kennslugögn. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla, fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi og eru fundir haldnir reglulega yfir veturinn. Leikskólastjóri kallar foreldraráð á fundi til að undirbúa stærri viðburði á vegum þeirra t.d. Heiðmerkurferðina og Sumarhátíðina.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Í nóvember eru valfrjáls viðtöl þar sem foreldrar geta skráð sig í viðtal með hópstjóra barnsins síns. Í mars eru viðtöl sem foreldrar eiga að mæta í, þá er foreldrum úthlutaður tími. Í foreldraviðtölum er farið yfir sýn foreldra á nám barna þeirra, drög eru lögð að einstaklingsnámskrá, framfarir barna eru rædd og önnur mál sem foreldrar eða hópstjórar þurfa að ræða.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Tímalína samstarfs í leik- og grunnskólum Seljahverfis

- Október – Leikskólinn býður nemendum úr 1. bekk Ölduselsskóla/Seljaskóla í gamla leikskólann sinn í heimsókn. Ábyrgðaraðilar eru deildarstjórar.
- Nóvember – 1. heimsókn, grunnskólinn býður tilvonandi nemendum til sín í vikunni 5.-9. nóvember.

- Febrúar/mars – 2. heimsókn, grunnskólinn býður tilvonandi nemendum til sín á tímabilinu 11.-22. febrúar og 11.-22. mars.
- Maí – Skólahópur fer ásamt foreldrum sínum í heimsókn í grunnskólann föstudaginn 24. maí.

Stjórnendur skólanna hittast tvisvar á ári til þess að ræða samstarfið sín á milli. Þar er hægt að koma með tillögur að endurbótum, auk þess sem samstarfið er endurskoðað árlega. Fundir stjórnandanna verða í Jöklaborg 6. september 2018 og þann 14. mars 2019 verður fundur sem enn á eftir að ákveða hvar verður haldin.

ÍR

Við erum í samstarfi við ÍR þar sem elstu börnin fá tækifæri til að stunda íþróttæfingar undir leiðsögn íþróttakennara einu sinni í viku. Hópurinn hefur ekki nýtt þetta í hverri viku, þar sem þau nýta þennan tíma einnig til þess að fara í gönguferðir, útikennslu og leikja á leikskólalóðinni.

Heilsueflandi Breiðholt

Verkefnið er viðamikil forvarnarstefna sem allar starfsstöðvar Reykjavíkur í Breiðholti eru hluti af. Seljaborg ákvað að hafa næringu, hreyfingu, líðan og lífsstíl sem áhersluþætti sína. Árið 2018 er líðan í brennideplinum og árið 2019 verður það lífsstíll sem unnið verður með.

Hluti af þessu verkefni er tannverndunaráttak, sem Seljaborg tók upp skólaárið 2016-2017. Öll börn fá sinn eigin tannbursta og hópstjórar sjá um að tannbursta tennurnar í börnunum eftir hádegismatinn. Foreldrar eru ánægðir með þetta verkefni og nefna það gjarnan í foreldraviðtölum. Börnin tala um mikilvægi tannburstunar heima fyrir sem og í leikskólanum.

Læsi allra mál (LÆM)

LÆM er verkefni sem lýtur að málþroska og læsi barna í leik- og grunnskólum. Það felur í sér vinnu með hagnýtt læsi á öllum námsviðum í fjölmennningarlegu skólastarfi. Að verkefninu koma þjónustumiðstöð Breiðholts og allir leik- og grunnskólar í Breiðholti, að undanskildum einum leikskóla.

Markmið verkefnisins er að:

- innleiða sameiginlega læsisstefnu í leik- og grunnskólum í Breiðholti í anda lærdómssamfélagsins.
- auka áherslu á snemmtæka íhlutun í starfi með mál og læsi og að gripið sé inn í með markvissum hætti eftir þörfum hvers og eins um leið og grunur um vanda vaknar.
- fækka börnum sem þróa með sér sértækan námsvanda.

- móta þekkingarsamfélag kennara sem vinna með mál og læsi í fjölmennningarlegu skólaumhverfi.
- mynda samfellu í starfi með mál og læsi frá leikskólabyrjun og í gegnum grunnskólann.
- virkja foreldra í námi barna sinna með ítarlegri fræðslu um mál og læsi á ólíkum skólastigum.

Unnið er með samræmdar skimanir þar sem heilu árgangarnir eru skimaðir með sama mælitæki innan alls hverfisins og markviss úrvinnsla úr þeim gögnum. Með því eykst yfirsýn yfir langtímaferil nemendahópa. Þegar niðurstöður úr skimunum liggja fyrir veita sérkennslu- og kennsluráðgjafar ráðgjöf og eftirfylgd.

9 Skipulagsdagar.

Í fylgiskjali í kafla 10.3 er að finna skóladagatal Seljaborgar þar sem fram koma starfsdagar skólaársins 2018-2019.

10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

10.1.1 Skráning á hópatíma



Græni kjarni -Yfirlitsblað fyrir hópastarfið

2018-2019

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstud.
					Söngstund

10.1.2 Skráning á vali barna



Val á dýri vikunnar	
Barn	Dýr

10.1.3 Skráning á lögum með táknum

Lög með táknum	
Lokið	Lög



Hér er skráð hvaða lög þau hafa lært með táknum.

10.1.4 Skráning á vinnu í Book creator

[illegible]

10.1.5 Skráning á námskeiðum og fræðslufundum starfsmanna

[illegible]

10.1.6 Yfirferð skráningu á einstaklingsþjálfun



Yfirferð á skráningu einstaklingsþjálfunar

Nafn barns	Sept	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mars	Apr	Maí	Júní	Júlí

10.2 Umsögn foreldraráðs

Foreldaráðið hefur farið yfir starfsáætlun skólans og finnst hún vera í samræmi við það góða starf sem hefur verið í skólanum undanfarið ár. Matsáætlunin er vel unnin og tekið er mið af þroska og getu barna. Síðastliðið ár hefur verið unnið mjög fjölbreytt, metnaðarfullt og gott starf við leikskólann Seljaborg. Börnin hafa fengið margvísleg og áhugaverð verkefni til að takast á við.

Foreldaráði leikskólans finnst afar jákvætt hversu fjölbreytt og skilvirt starfið hefur verið. Starfsfólk leikskólans hefur verið sérstaklega duglegt að skoða nærumhverfi leikskólans, heimsækja skólalóðina og taka styttri og lengri göngutúra. Mikil áhersla hefur verið lögð á læsi og teljum við óumdeilanlegt sú vinna muni skila sér með jákvæðari lestrarnámsupplifun þegar barnið hefur sína skólagöngu.

Mikil áherlsa er lögð á að nemendur öðlist styrk og sjálfsöryggi í því að koma fram og fá þeir þá ólík hlutverk eins og t.d. bókaormur eða veðurfræðingur. Nemendur fá einnig tækifæri til að vera skapandi ekki hvað síst með leik með verðlausum hlutum sem annars færu í ruslið.

Foreldraráðið hefur eingöngu eina athugasemd:

Foreldraráðið er afar ánægt með eldhúsið og að maturinn sé eldaður af matræði í leikskólanum. Við leggjum samt til að birtur verði matseðill a.m.k. 4 vikur fram í tímann á vefsíðu skólans og á útprentuðu blaði í fataherbergjum.

10.3 Skóladagatal

Skóladagatal 2018 - 2019														Seljaborg	
Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maj	Júní	Júlí				
1 F	1 L	1 M	1 F	1 L	1 P	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M				
2 F	2 S	2 P	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 P	2 F	2 S	2 P				
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M				
4 L	4 P	4 F	4 S	4 P	4 F	4 M	4 M	4 F	4 L	4 P	4 F				
5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 L	5 P	5 P	5 F	5 S	5 M	5 F				
6 M	6 F	6 L	6 P	6 F	6 S	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L				
7 P	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F	7 F	7 S	7 P	7 F	7 S				
8 M	8 L	8 M	8 F	8 L	8 P	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M				
9 F	9 S	9 P	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 P	9 F	9 S	9 P				
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M				
11 L	11 P	11 F	11 S	11 P	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L	11 P	11 F				
12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 P	12 P	12 F	12 S	12 M	12 F				
13 M	13 F	13 L	13 P	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L				
14 P	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S	14 P	14 F	14 S				
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 P	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M				
16 F	16 S	16 P	16 F	16 S	16 M	16 L	16 L	16 P	16 F	16 S	16 P				
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M				
18 L	18 P	18 F	18 S	18 P	18 F	18 M	18 M	18 F	18 L	18 P	18 F				
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	19 P	19 P	19 F	19 S	19 M	19 F				
20 M	20 F	20 L	20 P	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L				
21 P	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F	21 S	21 P	21 F	21 S				
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 P	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M				
23 F	23 S	23 P	23 F	23 S	23 M	23 L	23 L	23 P	23 F	23 S	23 P				
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M				
25 L	25 P	25 F	25 S	25 P	25 M	25 M	25 M	25 F	25 L	25 P	25 F				
26 S	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 P	26 P	26 F	26 S	26 M	26 F				
27 M	27 F	27 L	27 P	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L				
28 P	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 P	28 L	28 S				
29 M	29 L	29 F	29 P	29 L	29 P		29 F	29 M	29 M	29 L	29 M				
30 F	30 S	30 P	30 F	30 S	30 M	30 L	30 L	30 P	30 F	30 P	30 P				
31 F		31 M		31 M	31 F		31 S		31 F		31 M				

F. h. leikskólans Seljaborgar

Ólafur G. Stefánsson
Leikskólastjóri

9. júní 2018
Dagsetning